



□ Miðað skal við að uppgjóri sjóðsins verði lokið fyrir árslok 2009.

■ **III.** Umboð stjórnar sjóðsins sem skipuð var 29. desember 2006 fellur niður þegar lokið hefur verið við uppgjör á hlut sveitarfélaganna í samræmi við ákvæði til bráðabirgða I og II. Skal þá ráðherra hafa skipað nýja stjórn í samræmi við ákvæði 2. gr. laganna.

■ **IV.** Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er stjórn sjóðsins heimilt á árinu 2009 að ráðstafa fjármunum úr almennri deild sjóðsins til að draga úr hættu á uppskerubresti sem gæti leitt af sér óæskilegan samdrátt í búvöruframleiðslu.

□ Stjórn sjóðsins setur nánari reglur um þessa sérstöku ráð-

stöfun, svo sem um skilyrði fyrir úthlutun og hve hári fjárhæð skal varið til verkefnisins, en gæta skal þess að greiðslur á þessum grundvelli skerði ekki hlut sveitarfélaga í uppgjóri samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I og II.

■ **[V.]** Við niðurlagningu búnaðardeildar Bjargráðasjóðs er heimilt að ráðstafa eignum deildarinnar til Bændasamtaka Íslands. Ráðstöfunin er bundin því skilyrði að Bændasamtökin nýti fjármunina í sama tilgangi og áður fólst í hlutverki búnaðardeildar. Ársreikningur Bjargráðasjóðs 2016 skal berast ráðherra og Bændasamtökum Íslands eigi síðar en 1. júlí 2017.<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2016, 55. gr.